

Alþingi  
Erindi nr. P 136/77/  
komudagur 20.1.2009



Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
101 Reykjavík

19. janúar 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftferðir**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar dags. 11. des. 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Flugstoða um frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

Flugstoðir telja þær breytingar, sem lagðar eru til í framangreindu frumvarpi, vera til mikilla bóta. Einkum verður að teljast mikilvægt að með þeim er væntanlega eytt allri óvissu um innheimtu gjalda fyrir veitta þjónustu á sviði flugsamgangna. Sérstaklega er þetta mikilvægt hvað varðar landingargjöld, sem verða ótvírætt sértekjur flugvalla eins og tíðkast í öllum vestrænum ríkjum.

Þá er skilgreining á tilvist og stöðu flugvallakerfa mikilvæg til að líta megi á flugvelli hér á landi sem eina heild en ekki sem aðskildar rekstrareiningar. Þessi túlkun er afar mikilvæg fyrir rekstur flugvalla á jaðarsvæðum. Af hálfu Norðurlandanna hefur verið lögð mikil áhersla á að þessi skilgreining væri viðurkennd í löggjöf Evrópusambandsins. Af þessu tilefni er lagt til að í fyrstu setningu 13. gr. laganna verði bætt in orðunum "eða flugvallakerfis" í samræmi við upphaf 12. gr.. Upphaf fyrstu málsgreinar 13. gr. yrði þá:

"Rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis skal eigi sjaldnar en árlega leggja fram ....." "

Þá er rétt að vekja athygli á því að ákvæði í 6. gr. og 11. gr. lagafrumvarpsins um að ráðherra staðfesti gjaldskrár fyrir flugleiðsöguþjónustu og þjónustu flugvalla virðist vera í mótsögn við ákvæði lokadraga að tilskipun Evrópusambandsins um gjaldtöku á flugvöllum. Samkvæmt 11. gr. þeirra er gert ráð fyrir að slík gjaldskrá sé samþykkt af yfirvaldi sem ekki hefur með höndum eignarhald eða stjórn á rekstri viðkomandi mannvirkja.

f.h. Flugstoða ehf.

Þorgeir Pálsson  
forstjóri

26/1 '09  
SAM08080008  
412